

## Svar

### dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Ólafi Ísleifssyni um fjölda íbúða sem félög tengd Landsbankanum hf. eignuðust á tímabilinu 2008–2019.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hver er fjöldi fasteigna, skráðra sem íbúðarhúsnæði, sem hver eftirtalinna aðila varð eigandi að á tímabilinu 2008–2019 samkvæmt þinglýsingaskrá, að frátöldum fasteignum þar sem fyrri eigandi var lögaðili og að því gættu að einstakar fasteignir séu ekki tvítaldar, sundurliðað eftir aðilum, árum og í heild:*

- |   |   |
|---|---|
| 1. Landsbankinn – Fjárfesting hf., kt. 601099-2419,     | 19. Hótel Egilsstaðir ehf., kt. 601212-0800,  |
| 2. Landsbankinn – Framtak hf., kt. 430299-2989,         | 20. HÞR1 ehf., kt. 521009-1280,   |
| 3. Landsbankinn eignarhaldsfélag ehf., kt. 631204-3330, | 21. Hömlur 1 ehf., kt. 630109-0860,   |
| 4. Landsbankinn fasteignafélag, ehf., kt. 670303-4030,  | 22. Hömlur 2 ehf., kt. 630109-0510,   |
| 5. Landsbankinn – Framtakssjóður ehf. kt. 621199-3239,  | 23. Hömlur 3 ehf., kt. 440510-1670,   |
| 6. SP Fjármögnun hf., kt. 620295-2219,                  | 24. Hömlur B&T ehf., kt. 530298-3029,   |
| 7. Blámi fjárfestingafélag ehf., kt. 470301-3920,       | 25. Hömlur ehf., kt. 630109-0940,   |
| 8. Eignarhaldsfélag Landsbankans ehf., kt. 530407-1790, | 26. Hömlur fyrirtæki ehf., kt. 630207-0610,   |
| 9. Eignarhaldsfélagið ehf., kt. 531106-1800,            | 27. Hömlur þróunarfélag ehf., kt. 521009-1600,  |
| 10. Fasteignafélag Íslands ehf., kt. 430700-3590,       | 28. Landsvaki ehf., kt. 700594-2549,  |
| 11. Fictor ehf., kt. 701299-3459,                       | 29. Laugavegsreitir ehf., kt. 460509-0410,  |
| 12. Framkvæmdafélagið Hömlur ehf., kt. 460509-0330,     | 30. Lífsval ehf., kt. 531202-3090,  |
| 13. Grípir ehf., kt. 590101-2140,                       | 31. Lindir Resources ehf., kt. 610108-0910,   |
| 14. H Akureyri ehf., kt. 601212-0720,                   | 32. NIKEL ehf., kt. 660308-1720,  |
| 15. HÍÍ ehf., kt. 521009-1360,                          | 33. Reginn íbúðarhúsnæði ehf., kt. 521009-1440,   |
| 16. Holtavegur 10 ehf., kt. 520171-0299,                | 34. SL-2010 hf., kt. 600269-0549,   |
| 17. Horn fjárfestingarfélag hf., kt. 511208-0250,       | 35. Smárabyggð ehf., kt. 690910-1280,   |
| 18. Horn Invest B.V., kt. 480306-9960,                  | 36. Span ehf., kt. 440107-0360,   |
|   | 37. Spvlet ehf., kt. 591110-0630,   |
|   | 38. Stenias ehf., kt. 461108-0670,  |
|   | 39. Tangabryggja ehf., kt. 540711-0460,   |
|   | 40. önnur félög sem eru eða hafa verið tengd Landsbankanum hf. vegna eignarhalds, stjórnunar eða sambærilegra atvika? |

Samkvæmt 57. gr. laga um þingsköp Alþingis getur alþingismaður óskað upplýsinga ráðherra eða svars um opinbert málefni eða einstakt atriðið þess geri hann það með fyrir-

spurn. Fyrirspurn skal vera skýr, um afmörkuð atriði og um mál sem ráðherra ber ábyrgð á. Þá skal við það miðað að hægt sé að svara fyrirspurninni í stuttu máli. Í framangreindri fyrirspurn er óskað upplýsinga um fasteignakaup 39 tiltekinna lögaðila tengdum Landsbanka Íslands auk ótilgreindra lögaðila sem hafa verið tengdir Landsbankanum hf. vegna eignarhalds, stjórnunar eða sambærilegra atvika. Dómsmálaráðherra bendir á að málefni Landsbanka Íslands eða lögaðila sem eru honum tengdir eiga ekki undir málefnasvið dómsmálaráðherra. Þótt dómsmálaráðherra fari með málefni sýslumanna og lög um þinglýsingar fellur efni fyrirspurnarinnar ekki innan þess málefnasviðs. Þá er ljóst að umræddri fyrirspurn þó að hún ætti undir ábyrgðarsvið dómsmálaráðherra verður ekki svarað í stuttu máli. Fyrirspurninni er því hvorki réttilega beint til dómsmálaráðherra né uppfyllir hún skilyrði þingskapalaga um að unnt sé að svara henni í stuttu máli.